

## Gátlisti fyrir nemendur og umsjónarmenn þeirra

*Nemandi og umsjónarmaður hans bera ábyrgð á því að eftirfarandi lista sé framfylgt*

- **Nemandi hefur verið skráður í skráningarkerfi Landspítala**  
**Skráningarform:** [https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/skraning\\_i\\_nam\\_a\\_landspitala20122016.pdf](https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/skraning_i_nam_a_landspitala20122016.pdf)  
**Skráning hópa:** Skráning send í sérstöku Excel skjali til verkefnastjóra á menntadeild Landspítala.  
*Skráningarform sendist til [nemar@landspitali.is](mailto:nemar@landspitali.is). Þar fást einnig nánari upplýsingar um skráningu hópa.*
- **Nemandi hefur undirritað reglur Landspítala um þagnarskyldu, reglur um notkun sjúkraskrárupplýsinga og kynnt sér skilmála varðandi prentun og ljósritun** Ath! Skylda fyrir alla nemendur að skila báðum undirskriftum.  
Gjaldskrá fyrir prentun og ljósritun er að finna á slóðinni: <http://www.landspitali.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=29745>  
*Undirrituð skjöl geymist á viðeigandi skrifstofum samkvæmt samkomulagi eða sendist á netfangið [nemar@landspitali.is](mailto:nemar@landspitali.is)*
- **Stofnað hefur verið „leynihólf“ með nemanda**  
Nemendur geta sjálfir stofnað leynihólf með því að fara inn á <https://leyniholf.lsh.is> á innri síðu LSH, skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða skráð inn kennitölu og valið hnappinn „Held ég eigi ekki leynihólf“. Eins geta margir yfirmenn/skrifstofustjórar á deildum stofnað leynihólf með nemendum, með því að fara inn á Vefvörð (<http://vordur.lsh.is/VordurWeb/DepartmentOverview.aspx>), velja „Aðgangsveitingar → Aðgerðir → Stofna leynihólf“. Eftir að leynihólf hefur verið stofnað, má alltaf nálgast aðgangs- og lykilorð að tölvukerfunum í tölvum LSH á slóðinni <https://leyniholf.lsh.is>.
- **Nemandi hefur fengið auðkenniskort**  
Ef nemandi á ekki auðkenniskort sem gildir út námstímann á LSH, þarf hann að útvega það áður en námstíminn hefst.
  - Athugið! Nemandi þarf að vera skráður í skráningarkerfi Landspítala, sjá efsta liðinn. Án þess er ekki hægt að útbúa kortið.
  - Pantið nýtt kort með því að fara inn á þessa síðu: <https://rek.landspitali.is/thjonusta/audkenniskort> Farið síðan í myndatöku og fáið kortið afhent. Myndatökur fara fram í móttökunni Skaftahlíð 24 virka daga kl. 10.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00. Ef nemandi þarf að endurnýja útrunnið kort, þá þarf ekki að fara í myndatöku. Pantið þá nýtt kort með því að fara inn á slóðina hér fyrir ofan og takið fram hvert eigi að senda kortið.
  - Auðkenniskort gildir meðan á náminu stendur, en að því loknu ber að skila því til afgreiðslu auðkenniskorta, Skaftahlíð 24, þannig að hægt verði að skrá það út úr kerfinu.
  - *Nemendur skulu ávallt bera auðkenniskort á Landspítala.*
- **Nemandi hefur framfylgt reglum um bólusetningar, berkla- og MÓSA-próf**  
Hverjum nemanda ber að framfylgja reglum um berklapróf, bólusetningar og MÓSA-próf áður en verklegt nám/starf á Landspítala hefst.  
**Berklapróf:** Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf eða skila vottorði um bólusetningu gegn berklum áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á Landspítalanum. Þau eru auglýst af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar úr öðrum skólum (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma í síma 543-1330.  
**Bólusetningar:** Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi fengið eftirtalda sjúkdóma eða hafi virkar bólusetningar gegn þeim: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kikhósti (Pertussis), mænusótt (Polio), mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Vottorðið má fá með því að skrá sig með rafrænum skilríkjum inn á „Mínar síður“ á Heilsuveru.is. Nauðsynlegt er að hafa í huga að bólusetning fyrir barnaveiki, stífkrampa og kighósta dugir í 10 ár, en að þeim tíma liðnum þarf að endurtaka þær. Nemandi þarf að hafa fengið sem barn tvær MMR bólusetningar (mislingar, hettusótt og rauðir hundar) eða eina á fullorðinsaldri. Ef þessar bólusetningar vantar eða ef kominn er tími á að uppfæra þær, þá þarf að fara á heilsugæslustöð og greiða fyrir það. Athugið að æskilegt er að fara í þessar bólusetningar a.m.k. mánuði áður en komið er til starfsmannahjúkrunarfræðings í berklapróf (komi í viðtalið með uppfært vottorð). Vottorðinu skal skilað sem rafrænt PDF skjal eða á pappír til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.  
**Lifrabólga B:** Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu. Bólusetting er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum síðar. Bólusetningar fara fram á Landspítala. Þær eru auglýstar af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar frá öðrum skólum (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma í síma 543-1330.  
**MÓSA-próf:** Ef nemandi hefur verið útsettur fyrir, tekið þátt í hjálparstarfi, unnið á, dvalist eða fengið meðferð á erlendum sjúkrastofnunum á sl. sex mánuðum fyrir klínískt nám, eða áður greinst með MÓSA, þarf að rækta fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus). **Þessar reglur eiga við um alla viðveru á klínískri deild.** Nemandur panti tíma í síma 543-1330. Svar liggur fyrir innan 2 sólarhringa. **Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en klínískt nám á Landspítala hefst.**  
**Íslenskir nemendur sem fara utan í verknám:** Þeir þurfa sjálfir að sækja sér bólusetningar og vottorð til heilsugæslustöðva.
- **Tryggingar – til umhugsunar**  
Samkvæmt 29. grein, IV. kafla laga 100/2007, um almannatryggingar er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemar í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.

Menntadeild Landspítala  
netfang: [nemar@landspitali.is](mailto:nemar@landspitali.is)